

Málþing Kennsluakademíu

23. maí 2022

Ágrip

Höfundar:

Sigurbjörg Jóhannesdóttir, verkefnastjóri MVS

Svava Pétursdóttir, lektor MVS

Tryggvi Brian Thayer, kennsluþróunarstjóri MVS

Kennsluhættir á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Inngangur: Á síðustu tveimur árum fluttist mikið af kennslu alfarið yfir á netið vegna Covid. Í framhaldi af þeirri reynslu og fyrirhuguðum flutningum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í nýtt húsnæði var ákveðið að skoða hvernig kennarar sjá fyrir sér kennsluhætti í sínum námskeiðum og hvernig kennsluaðstöðu þeir telja sig þurfa.

Aðferð: Netkönnun var send til fastráðinna kennara og stundakennara (154) á Menntavísindasviði í apríl 2022.

Kennarar voru beðnir um að velja eitt námskeið og svara fyrir það. Þeir gátu einnig sett inn fleiri námskeið ef að svörin væru sambærileg fyrir þau ásamt því að svara könnuninni aftur fyrir fleiri námskeið.

Niðurstöður: Þátttakendur í könnuninni voru 80 (52%) og svöruðu þeir fyrir 267 (58%) námskeið, á grunn- og framhaldsstigi, sem eru kennd við Menntavísindasvið. Samkvæmt niðurstöðum verður fjarnám í boði á um ¾ hluta námskeiðanna en meirihluti þeirra verður kenndur í staðnámi með fjarnámsmöguleika fyrir nemendur. Um 90% námskeiðanna gera ráð fyrir staðnámsmætingu fjarnema í staðlotur eða rauntímaviðveru á neti í reglulegum staðnáms tímum. Flestir kennarar vilja nýta staðtíma fyrir umræður, para- og hópavinnu og stúdentakynningar. Í um 70% námskeiða sem bjóða upp á fjarnám er gert ráð fyrir netfundum sem eru oft einnig ætlaðir staðnemum. Um ¼ námskeiða við sviðið munu ekki bjóða upp á fjarnámsmöguleika fyrir nemendur. Tæplega 80% kennara sjá fyrir sér að þeir komi til með að búa til sérmyndbönd með fyrirlestrum og öðru efni, sem þeir munu birta í Canvas. Þeir vilja flestir (75%) nýta eigin skrifstofuaðstöðu í HÍ til að vinna þessi myndbönd.

Ályktun: Lágt hlutfall námskeiða á Menntavísindasviði eru skipulögð og kennd sem fjarnámskeið. Flest námskeiðin byggja á staðkennslu sem nemendur geta tekið í fjarnámi. Um er að ræða svokölluð blönduð námskeið (e. hybrid) og námskeið þar sem nemendur mæta í staðkennslu með aðstoð fjarfundabúnaðar (e. hyflex). Það er umhugsunarefni hversu margir kennarar vilja bjóða fjarnemum að mæta í staðkennsluna á netinu því til að hægt sé að bjóða upp á góða upplifun fyrir nemendur þannig að nám fari fram, þarf sérútbúin rými með hljóðdempun, góðum hljóðnema, hátalara, myndavélar, góða lýsingu og nokkra stóra skjái. Húsgögn, skjáir, myndavélar og fleira þarf helst allt að vera færanlegt en langflestir kennarar segjast vilja kennslustofu sem er auðvelt að breyta uppröðun í og hentar til para- og hópavinnu.